

TÍMAHYLKIÐ

TÍMAHYLKIÐ Í TÍÐ KÓRÓNUNNAR

Þið eruð sennilega ekki fædd!

BJÖRG ERLINGSDÓTTIR

Komið þið framtíðar lesendur sælir

Þessi sending er til þeirra sem lesa Tímahylkið okkar að 100 árum liðnum og þeir sem lesa þetta í dag taka tillit til þess að háfleyg orð eru til framtíðar lesenda.

Nú er loksins komið að því að síðasta tölublað Tímahylkisins lítur dagsins ljós. Þessum tímamótum fylgir fögnuður því þau þýða að sú erfiða staða sem blasti við okkur fyrir nokkrum vikum er heldur betri í dag. Daglegt líf okkar færast ögn nær hefðbundnu lífi á næstu dögum og vikum og vonandi höfum við náð að snúa á þessa óværu sem ógnaði heilsu okkar og lífi. Við söknum þeirra sem gátu ekki upplifað þessi tímamót með okkur og mikilvægt að við munum að veira eins og þessi ógnar öllum og því mikilvægt að hver og einn sinni samfélagslegri ábyrgð sinni og geri allt sem í sínu valdi stendur til þess að dreifa ekki smiti.

Þið sem þetta lesið árið 2120 eruð sennilega ekki fædd þegar þetta er skrifað – eða hvað? Hvað veit maður hvernig lífslengd Homo sapiens hefur breyst þessi hundrað ár? Verða menn eldri eftir 100 ár en þeir verða núna árið 2020 eða höfum við kannski skilað jörðinni og náttúrunni í þannig ástandi til ykkar að lífslengdin er styttri? Berjast menn um hreint vatn, ferskt loft og mat? Lifa menn í sátt og samlyndi? Hafa menn lært að bera virðingu fyrir öðrum, hugmyndum þeirra, menningu og uppruna? Það er vonandi að við sem lifum á jörðinni árið 2020 getum orðið til þess að heimkynni ykkar verði vistvæn í framtíðinni. Þið búið við öryggi og getið notið lífsins með vinum og vandamönnum - vonandi spillum við ekki möguleikum ykkar á góðu lífi. Og hvernig verður með djásnið okkar – íslenskuna? Í dag höfum við eldra fólkið áhyggjur af því að yngra fólkið sé að gleyma íslenskunni. Þegar ég var unglingur var afi minn duglegur við að leiðrétta mig og fræða mig um leyndardóma íslenskrar tungu. Hann hafði líka áhyggjur af því að mín kynslóð væri að ganga af íslenskunni dauðri. Kannski getið þið ekki lesið þennan texta og skiljið ekki þau orð sem ég skrifa til ykkar. Það má ekki verða, bæði landið okkar og menningin eru það dýrmætasta sem við eigum sem þjóð. Vonandi höfum við náð að skila henni til ykkar og varið landið okkar.

Ég vona að þið búið við hagsæld, í friði með mönnum og dýrum, séuð skynsamari en núverandi kynslóðir. Að þið passið upp á að misbjóða ekki náttúrunni og séuð búin að fatta það sem kynslóðum míns samtíma gengur illa




að skilja að þetta snýst um að halda mannkyninu lifandi, jörðin á alltaf eftir að jafna sig eftir slæma meðferð manna – það tekur bara tíma. Mannkynið er sinn eigin óvinur.

Ég vona að þið hafið tekið það besta úr samfélagi manna, virðingu, bræðralag, frelsi, jafnrétti og vináttu og lífið góðu lífi hér á Svalbarðsströnd. Ég vona að þið hafið skilið allt það slæma eftir í fortíðinni. Talandi um Svalbarðsströnd, hvernig er með mannlífið á Ströndinni? Er Svalbarðseyri orðin mörg þúsund manna samfélag? Við hvað vinnið þið? Hvernig er að alast upp á Svalbarðseyri? Getið þið hjólað um allt, farið í fjöruferðir og hitt vini ykkar? Eða eruð þið kannski alltaf í tölvum – eða eru þær kannski ekki lengur til og orðnar partur af manninum. Er Homo sapiens kannski orðinn að Homo Digitalis? Æj það vona ég ekki. En verst er nú að tímahylkið skuli bara virka í aðra áttina, ég væri alveg til í að fá að sjá hvernig lífið er hjá ykkur árið 2120.

Ég vona að þið hafið fræðst aðeins um lífið okkar hér á Svalbarðsströnd á tímum Covid-19. Næstu dagar og vikur verða okkur öllum erfið. Margir fullorðnir eru að missa vinnuna sína en vonandi náum við í sameiningu og af þessari dæmigerðu íslensku þrautseigju að vinna okkur í gegnum þetta. Við ætlum að komast sterkari í gegnum þetta og halda áfram að undirbúa komu ykkar.

Ást og friður til ykkar

Björg Erlingsdóttir
Sveitarstjóri Svalbarðsstrandarhrepps
Og Táta hin frækna fjórfætta sveitarstjóratík



Munum við bera gæfu....?

ANNA HEIÐUR ODDSDÓTTIR

Þetta blað er lokakafli Tímahylkisins í tíð Kórónunnar. Við stöndum á krossgötum, nú þegar veiran virðist vera á undanhaldi og linaðar verða hömlur á samkomum, skólastarfi og margvíslegri starfsemi annarri. Þótt við séum ekki komin á leiðarenda bendir margt til þess að leiðin liggji í rétta átt.

Ef við horfum hundrað ár fram í tímann, til 1.maí 2120 þegar Tímahylkið verður opnað, má okkur vera ljóst að við erum einnig stödd á annars konar krossgötum. Þar sem göturnar skerast er upphafspunktur spirals, sem varla verður séð fyrir endann á. Munum við bera gæfu til að

sameinast um að sýna umhverfi og mannréttindum virðingu? Verða undirokun og ójöfnuður að baki að öld liðinni? Tilheyrir himinhrópanði misskipting valds og auðs þá liðnum tíma? Verður gjáin milli ríkra og fátækra sem víkkar nú og dýpkar viðstöðulaust, farin að minnka og jafnvel ekki lengur til staðar? Mun verkalýðurinn hafa náð vopnum sínum svo um munar en heimsbyggðin hins vegar vera hætt sínu linnulausa vopnaskaki?

Hugsanlega verður heimsfaraldurinn til að opna augu fólks, breyta hugarfari alls þorra manna og hrinda þrátt fyrir fórnarkostnaðinn af stað róttækum og heilladrjúgum stakkaskiptum til framtíðar. Geti maður ekki leyft sér að vera vongóður á baráttudegi verkalýðsins, hvenær þá?

Búskapur á tímum Covid 19

**BRYNJÓLFUR SNORRI BRYNJÓLFSSON
BÓNDI Á NEDRI-DÁLKSSTÖÐUM**

Covid 19 hefur vissulega haft áhrif á starf mitt sem bóndi á Dálksstöðum, en vissulega minni áhrif en á fjölmörg önnur störf í landinu. Í mínu starfi dag frá degi gleymir maður stundum að þessi veira sé alls ráðandi, þar sem störf mín hafa lítið sem ekkert breyst og lífið heldur áfram sinn vanagang í sveitinni, kýrnar eru mjólkaðar og þeim er gefið, fjósin þriffin, kálfum sinnt, en vissulega þegar maður sækir sér þjónustu í bænum, áttar maður sig á umfangi áhrifanna. Mjög erfitt er að fá dýralækna til að þjónusta sig, þ.e. koma og t.d. kálfskoða, veita burðarhjálp eða sinna þjónustu sem felur í sér að þeir þurfi að vitja dýranna. Skert þjónusta er á flestum stöðum sem bændur þurfa að versla við og hafa verslunarmátar færst yfir í rafrænt form að stórum hluta. Þú getur ekki lengur farið inn í verslanir og fyrirtæki og skoðað þig um, heldur þarft þú að vita hvað þú vilt og leggja inn pöntun, sem þú sækir síðan á fyrirfram ákveðnum tíma. Passa þarf uppá að minnka samvistir við mjólkurbílstjóra og sæðingarmenn. En þrátt fyrir þessa vá gengur lífið sinn vanagang í sveitinni, sauðburður og vorverkin ásamt öðrum verkum sem þarf að vinna halda áfram, án tillits til samkomubanns og hamla, þetta eru verk sem þarf að sinna til að búreksturinn geti borið sig. Finnst samt að bændur séu með lánsamari stéttum landsins, þar sem þeir þurfa ekki og mega ekki leggja niður störf, eins og svo fjölmargar aðrar stéttir í landinu og atvinnuöryggi okkar er nokkuð tryggt.



Gátur og brandarar

BRANDARAR

Allir krakkarnir náðu prófinu, nema Sara- hún neitaði að svara.

Allir krakkarnir voru með freknur, nema Gvendur- hann var með rendur.

Allir krakkarnir komust yfir laugina, nema Linda- því hún kunni ekki að synda.

Eftir margra ára basl og það sagði eiginmaðurinn: „Ástin mín, okkur hefur loksins tekist það sem við byrjuðum á 1979, við erum búin að safna nægum peningum!“ „Ertu að meina fyrir glænýjum Benz?“ Spurði kona hans spennt. „Nei, fyrir Benz árgerð 1979!“ svaraði maðurinn.

SVÖR ÚR SÍÐASTA BLAÐI

1. Hvað er það síðasta sem þú gerir áður en þú ferð í rúmið?
Svar: Tekur fæturna af gólfinu
2. Hver hefur hatt en ekkert höfuð, aðeins einn fót en engan skó?
Svar: Sveppur
3. Hvers vegna er flóðhesturinn ekki hræddur við tígrisdýrið?
Svar: Þeir eru ekki í sama heimshluta.


Breyttir tímar

SVALA EINARSDÓTTIR

Núna höfum við staðið okkur vel. Kórónaveiran er í rénun hér á landi sem þýðir m.a. að við getum farið að færa okkur nær hefðbundnu daglegu starfi hér í skólanum. Síðustu sex skólavikur hefur ríkt algjör aðskilnaður milli þriggja hópa nemenda og starfsmanna. Þann 4. maí taka tilslakanir á samkomubanninu gildi sem þýðir að við fáum að hitta alla innan skólans aftur. Segja má að þá verði allt skólahlald með eðlilegum hætti og skóladagarnir verða aftur eins langir og þeir voru áður. Við höldum áfram sóttvörnum og við fullorðna fólkið pössum fjarlægðir á milli manna. Vegna ýmissa ástæðna verður skólastarf í Valsárskóla ekki alveg eins og það var fyrir samkomubann og núna virkjum við t.d. nýjar stundatöflur... aftur. Gaman er að segja frá því að sumt af því skipulagi sem var upphaflega virkjað vegna COVID-19 heldur sér áfram. Má þar nefna að það verða áfram ávaxtastundir á morgnana í stað hafragrauts og við ætlum ekkert að vera að kveikja á skólabjöllunni aftur þetta skólaárið. Allt starf nemenda og starfsfólks getur verið með eðlilegum hætti í maímánuði og það eru í raun engar takmarkanir á því. Það sem verður aðallega öðruvísi er að mælst er til þess að það verði engar gestakomur fullorðinna í skólabýgginguna og að við skipuleggjum ekki samkomur með fullorðnum gestum, hvorki innanhúss né utan. Þetta mun hafa áhrif á skólaslit og vorhátíð skólans og við erum að kasta á milli okkar hugmyndum þessa dagana um útfærslur á þessum viðburðum. Ég er mjög ánægð með þá samstöðu, skilning og samhjálp sem ég hef fundið fyrir síðustu vikurnar og ég veit að við munum klára skólaárið á sömu nótum. Skólaárið hefur svo sannarlega verið “öðruvísi” og því er jafnvel vel við hæfi að enda það líka svolítið “öðruvísi”. Munum þó að standa okkur í vörninni og ekki gleyma að verjast samkvæmt tilmælum. Við höfum öll staðið okkur vel, nemendur, starfsfólk og foreldrar og fyrir það ber að þakka.



HÉR ER NEMANDI AÐ TÚLKA ORÐATILTÆKIÐ "AÐ STINGA HÖFÐINU Í SANDINN."
ÞAÐ MÁ ÞÓ MEÐ SANNI SEGJA AÐ LANDSMENN HAFI ALLS EKKI GERT ÞAÐ UNDAFNARNAR VIKUR.



ÞAÐ BIRTIR ALLTAF TIL AFTUR.

Tilfinningar mínar geta verið „inside out „!

Hvaða áhrif hefur kórónaveiran á skólabörn?

**PURÍÐUR LILJA RÓSENBERGSDÓTTIR
NÁMSRÁÐGJAFI**

Skólaskylda kveður m.a. á um hversu lengi börn eiga að vera í skóla á degi hverjum og yfir skólaárið. Litlar breytingar hafa orðið á skólatíma síðustu tuttugu ár eða svo. Á þessum fordæmalausum tímum sem við nú lifum á tímum COVID-19 hafa börn verið styttri tíma í skólanum en áður og lög kveða á um. Á sama tíma hafa flestir foreldrar einnig verið minna í vinnunni eða utan heimilis. Í þessu liggja tækifæri fyrir foreldra til að mennta barnið sitt í því sem skólinn gerir ekki og fellur ekki undir beinar skyldur hans. Það á að vera sameiginlegt markmið skóla og foreldra að mennta barnið í því sem er líklegt til að hafa áhrif á hamingju þess og farsæld í lífinu. Dygðir eins og áreiðanleiki, heiðarleiki og hjálpsemi, réttlæti og góðvild eru ekki úreldar eða gamaldags heldur mikilvægir eiginleikar í fari hvers manns. Það má færa rök fyrir því að það að kenna börnum að rækta með sér góðar dygðir geti orðið undirstaða farsæls lífs þeirra.

Undirrituð leitaði til nemenda á öllum aldri í Valsárskóla varðandi þær spurningar sem liggja til grundvallar þessum pistli. Þeir lágu ekki á svörum.

Það sem nemendur segjast hafa lært nýtt á þessum tíma

Hreinlæti skiptir miklu máli og að þvo sér um hendur í 20 sekúndur, bora ekki í nefið og setja ekki puttana í munninn. Veirur geta verið hættulegar og borist á milli með knúsi og hósta út í loftið. Það er mikilvægt að haga sér vel, hlýða Víði, og knúsa bara fjölskylduna. Við eigum ekki að borða framandi dýr t.d. leðurblökur og beltisdýr. Nemendur segjast hafa lært nýja hluti t.d. að spila á blokkflautu, að keyra bíl og elda allskonar rétti og fengu þau góðan tíma til að taka þátt í að reyna að slá heimsmet í lestri. Fram kemur hjá börnunum að þau hafi lært að meta betur að njóta tímans með vinum og ættingjum og að þetta tímabil hafi reynt á líðan og tilfinningar. Þau segjast hafa lært að tilfinningar geta verið „inside out“.

Það sem nemendur halda að börn þurfi til að þeim líði vel

Flestir nefna að börn þurfi ást og umhyggju og að eiga góða fjölskyldu. Þau vilja hafa mömmu sína og pabba hjá sér, systkini, ömmur og afa, vini sína og eiga fjölskyldu sem knúsar þau og elskar og segir falleg orð við þau. Þeim finnst mikilvægt að hafa eitthvað að gera og hugsa um dýrin sín. Svefn og hreyfing eru líka mikilvæg til að börnum líði vel. Þau nefna hamingjuna og að börn geti verið glöð og farið í skólann. Þeim finnst gott að geta talað við foreldra sína þegar þeim líður ekki vel, svo þeim líði betur. Þeim finnst líka mikilvægt fyrir börn að eiga heimili svo þau geti verið örugg og inni heima hjá sér á meðan COVID-19 er í gangi. Að vera góð við hvert annað, hafa kennara til að passa að þau geri ekkert rangt og kenni þeim að segja fyrirgefðu, er það sem fær þau líka til að líða vel.



Það sem nemendum finnst hafa verið jákvætt á þessum tíma

Það sem börnin nefna að hafi verið jákvætt á þessum dæmalausum tímum er að geta hreyft sig og haft eitthvað að gera. Mega leika sér við vini í skólanum og utan hans. Þau nefna að fólk hugsu betur um heilsu sína og sé snyrtilegra. Það er athyglisvert að sjá í svörum þeirra að þeim finnst ekki eftirsóknarvert að eyða tíma sínum í símanum eða öðrum skjátækjum þó þau nefni að tölvuleikirnir mættu vera betri, heldur er það fjölskyldan og foreldrar sem er þeim efst í huga og að geta gert allskonar hluti með þeim. Í skólanum finnst unglíngunum ágætt að geta verið meira út af fyrir sig og fá hvíld frá yngri krökkunum.

Það sem hefur reynst erfitt eða nemendur halda að sé erfitt fyrir sum börn

Börnin segja að það geti verið erfitt fyrir mörg börn að passa sig á COVID-19, t.d. með handþvott og aðrar reglur. Einnig telja þau að ekki séu öll börn glöð, þau séu föst heima og búi kannski við erfiðar heimilisaðstæður. Erfiðleikar geti líka verið hjá sumum fjölskyldum þar sem foreldrar hafa minni vinnu eða misst vinnuna, þá eru minni peningar til að lifa segja þau. Börnin segjast sakna þess að geta ekki hitt ömmu sína og afa. Sumir krakkar geta ekki stundað íþróttæfingar og það getur reynst einhverjum krökkum erfitt sem eru að ljúka grunnskóla í vor og eru á leiðinni í framhaldsskóla að hafa misst úr námi og vera því ekki eins vel undirbúin.

Það sem nemendur halda að muni breytast eftir að kórónaveiran er gengin yfir eða hætt

Þegar veiran er gengin yfir mun skólinn breytast aftur og verða eins og venjulega og allir byrja að verða glaðir aftur segja börnin. Í vor kemur líka nýr skólustjóri í Valsárskóla. Þeim er tíðrætt um frelsi sem þeir fá til að leika sér við aðra eins og þau langar til. Fólk mun verða snyrtilegra og meðvitaðra um smitsjúkdóma. Sundlaugarnar opna aftur og fleiri verksmiðjur fara aftur að

menga. Það verður smá skrytið að hafa venjulegan skóla aftur eftir svona langan tíma sem hann er búinn að vera öðruvísi segja krakkarnir.

Hlutverk foreldra og skólans er að ná fram því besta í hverju barni

Hlutverk foreldra er margþætt þegar kemur að uppeldi barna. Grunnþarfir barna eru m.a. líkamleg umönnun, svefn og næring, tilfinningalegt atlæti, jákvæð samskipti, öryggi og leika sér með öðrum. Hlutverk foreldra er jafnframt að leiðbeina börnum sínum. Gleðjast með þeim. Styðja þau í áföllum. Vera til staðar og vera þeim til fyrirmyndar. Foreldrar umfram aðra þurfa að standa með börnum sínum, þeir vita hvað þeim er fyrir bestu og þeir þurfa líka að geta þegið og sótt sér aðstoð þegar þess er þörf. Foreldrar eru lykilaðilar í því að sýna fordæmi með hegðun sinni og gjörðum.

Velferð barna

Börn eru skynsemisverur og vilja öðrum gott. Það er ekki hægt að fela fyrir börnum ofbeldi sem þau verða vitni að og ekki undir neinum kringumstæðum hægt að réttlæta ofbeldi gagnvart börnum. Það getur reynst börnum erfitt að vita af vinum sínum í þannig aðstæðum. Þó enn verra sé að búa við þær. Staða fjölskyldunnar og félagslegt umhverfi hennar hefur tekið miklum breytingum undanfarið ár og áratugi. Kannanir sýna að þrátt fyrir að ytri aðbúnaður fjölskyldunnar ætti að hafa batnað með betri lífskjörum má greina vaxandi streitu og vanlíðan hjá börnum, yfir kjörum sínum og foreldra sinna. Á þessum tíma þarf sérstaklega að huga að líðan þeirra og andlegri velferð.

Hafa þarf í huga að börn eru klár og læra af því sem gerum, ef mér er t.d. tíðrætt um mikilvægi góðvildar en sýni hana ekki í verki eða í framkomu minni þá kenni ég hræsni, þar sem ekkert samræmi er í því sem ég segi og því sem ég geri.

Jákvæð menntun – hvað er það?

Jákvæð menntun felst í að kenna börnum aðferðir við að ná árangri, vellíðan og hamingju. Það er m.a. hlutverk skólans að leggja áherslu á hamingju og velferð nemenda auk hefðbundinna kennslugreina og færniþátta. Jákvæð menntun tilgreinir 5 undirstöður fyrir vellíðan sem eru félagsleg og tilfinningaleg hæfni/færni, jákvæðar tilfinningar, jákvæð tengsl, skuldbindingu við styrkleika og tilgang. Rannsóknir styðja við að í skólum ætti að kenna færni sem styður þessa þætti.

Það er oft á tíðum ekki hvað þú lærir í grunnskóla sem þú nýtur góðs af heldur hvernig þú lærir. Það eru heldur ekki ný sannindi sem rannsóknir sýna að þriðjungur barna mun í framtíðinni starfa við störf sem í dag eru ekki til. Það er sameiginlegt hlutverk skóla og foreldra að búa nemendur undir framtíðina og lífið sjálft.

Að lokum, í svörum barnanna endurspeglast þarfir þeirra vel. Í þeim má sjá hvaða gildi og dygðir eru þeim ofarlega í huga og þeim finnst mikilvæg til að farnast vel.

Puríður Lilja Rósenbergsdóttir

Náms- og starfsráðgjafi og er að ljúka diplóma í Jákvæðri sálfræði

Að þreyja þorrann, góuna, einmánuð og hörpu.

HANNA DÓRA INGADÓTTIR

Í dag er alþjóðlegur baráttudagur verkafólks. Undanfarnir ár hef ég farið í kröfugöngu þennan dag og oft borið spjöld með slagorðum til að leggja áherslu á sitt hvað sem er ábótavant í þjóðfélaginu. Í dag eru mér þó ekki efst í huga kröfugöngur og kröfuspjöld. Ég er þakklát fyrir svo margt sem verið er að gera á Íslandi í dag. Það eru allir að leggjast á eitt að bjarga því sem bjargað verður. Hvort heldur það eru mannlíf, einstaklingar eða fyrirtæki. Við eigum svo mikið af frábæru fólki sem hefur sérhæft sig á ýmsum sviðum og nýtt hæfileika sína til góðs, í þessu ástandi heimsfaraldurs. Það verða engar kröfugöngur gengnar í dag. En við ættum kannski öll að fara út að ganga, bara okkar venjulegu gönguleið og taka með okkur spjöld sem bera þakkar- og kærleiksorð, takk fyrir samstöðuna í vetur.. takk fyrir að vera til, takk fyrir þolinmæði og þrautseigju. Takk heilbrigðisstarfsfólk. Takk Alma, Víðir, Þórólfur og Helgi Björns - þetta gætu verið góð slagorð að ganga með.

Ég er þakklát fyrir að hafa vinnu og vona að sem flestir haldi vinnunni sinni. Ég heyrði sagt að það væru 53.000 manns atvinnulaus núna á Íslandi. Það er rosalegt en svo sá ég forsíðufrétt í Vikudegi sem fjallaði um það hvernig færi með sláturtíðina í haust. Það verður erfitt að manna sláturhúsin af því að það verður ekki hægt að fá útlendingana til landsins sem eru vanir að koma, ef það verða ennþá ferðatakmarkanir.



Er ekki bakvarðasveit málið? Ég er viss um að það finnst fólk fyrir haustið. Ég er rosalega fegin að hafa ekki fengið þessa pest og glöð að hafa heilsu til að fara út að ganga. Ég fer ekki á söngæfingar, ekki kvenfélagsfundir, ekki sundleikfimi eða sjúkrahjálfun. Ég hef aldrei farið eins mikið út að ganga eins og þetta vor. Það er margt fólk á ferðinni hér niðri við sjó og í fjörunni, bæði heimamenn og aðkomufólk og aðkomufólk sem eitt sinn voru heimamenn. Ég var á ferðinni einn daginn niðri í fjöru og hitti þar frænkur mínar. Fimm konur sem allar eru fæddar og uppaldar í Bergi. Það var gaman að hitta þær og spjalla, að sjálfsögðu með tvo metra á milli. Svoleiðis eru samskiptin í dag. Ég hef óskað eftir því við fólk að það fresti því að koma í heimsókn og óvæntir gestir fá kaffi út á stétt. Eða spjallað við fólk í gegn um runna. Það er kominn nýr skólastjóri í leikskólann og við höfum bara hneigt okkur fyrir hvor annarri enn sem komið er og haft eins lítil samskipti og hægt er, brosum bara meira.

Það er mér mikils virði að horfa á upplýsingafundina sem eru sendir út á hverjum degi. Þetta eru svo góðir leiðtogar sem upplýsa mig og drífa mig með sér í lið, ég bara fylgi þeim. Þau heita Víðir, Þórólfur og Alma ef þið vitið það ekki. Og svo það sem ég hlakka til alla vikuna. Party heima í stofu með Helga Björns. Nú er ég að verða svolítið óþreyjufull enda komin Harpa. Við sjáumst kærur sveitungar, við erum alveg að komast í gegn um þetta. Gott og gleðilegt innanlandsferðasumar.

Lífið í eldhúsinu

HEIÐA JÓNASDÓTTIR

Töluverðar breytingar hafa átt sér stað hjá okkur Kamilu í eldhúsinu eins og öðrum. Við byrjum daginn á því að undirbúa ávexti fyrir krakkana í Valsárskóla þar sem ekki er boðið upp á hafragraut í morgunmat lengur. Hver hópur borðar ávexti með sínum kennurum í staðinn. Svo undirbúum við hádegismatinn en hann fer á fjóra mismunandi staði. Tveir vagnar fara yfir í leikskóla, þar sem matnum er skipt enn frekar niður. Einn inn í „tónlistarstofu“ til Bryndísar og Hörpu sem eru með 3.-4. bekk og svo í matsalinn en þangað koma 1.-2. bekkur, 5.-6. bekkur og 7.- 10. bekkur í tveim hollum. Við skömmtum allan mat og meðlæti úr lúgunni í eldhúsinu og enginn má koma inn í eldhúsið. Í matsalnum sitja krakkarnir allir með gott bil á milli sín og búið er að leggja fyrir þau á borð glös og hnífapör. Skipt er um vatnskönnur eftir hvern hóp og þegar t.d. tómatsósa er í boði er hún sótthreinsuð á milli hópa. Milli hópa eru borð og stólbök einnig þrífir vel með sápu og sótthreinsandi. Svo það má segja að við Kamila hlaupum um með sótthreinsibrúsann á lofti meðan á matartíma stendur.



ÁVAXTASKÁLARNAR TILBÚNAR



MYND AF MATSALNUM EFTIR AÐ BÚIÐ VAR AÐ LEGGJA Á BORÐ

Sprittunin frekar spennandi

HANNA DÓRA INGADÓTTIR

Leikskóli fyrir ung börn. Hver veit hvað þau skynja og hvað þau skilja. Krílin koma á hverjum degi og eru studd af foreldri sínu inn í hlýjuna og í faðm starfsmanns sem bíður þeirra með óþreyju. Einn góðan veðurdag breyttist takturinn í lífi barnsins. Það er faraldur á ferð. Starfsmaður stendur fyrir utan dyrnar og hrifsar krílin úr faðmi foreldranna úti á stétt og ber þau á höndum sér inn í forstofu og klæðir þau úr útifötum. Krílin gráta bara ekkert og foreldrarnir nánast ekki neitt - ja, nei bara ekki neitt. Þessi breyting gekk ótrúlega vel og vil ég hrósa foreldrum fyrir samvinnu og samstöðu - "við erum í þessu saman" er slagorð eða setning sem er á allra vörum og huga á Íslandi í dag.

Dags dagurinn er kannski ekki svo frábrugðinn því sem áður var hjá okkur á Hreiðri. Helstu nýjungar eru að við tókum upp handþvott fyrir allar máltíðir og sprittun. Þetta vekur bara mikla gleði og sprittunin er bara frekar spennandi. Það er alla vega ekki hægt að sleppa neinum úr.

Börn hafa ótrúlega aðlögunarhæfni og krakkar eru klárir. Við erum

að vísu búin að vera einangruð í vetur. Útivistin fer fram á pallinum bak við húsið og við opnuðum inn í skúrinn og við það stækkaði leikrýmið talsvert. Þetta reyndist svo bara hið besta mál, því veturinn var snjóþungur og það var erfitt að vera með þessi litlu kríli í snjósköflunum á aðallóðinni. En í gær var snjórinn að mestu farinn af baklóðinni og við opnuðum út á grasið og börnin voru frelsinu fegin og fóru margar rannsóknarferðir um lóðina.

Svo var það morgunmatur. Við höfðum hafragraut alla daga. Hjördís okkar mætti alla morgna klukkan hálfátta og byrjaði að elda hafragraut handa öllum í leikskólanum og kom svo inn á deild að vinna þar. Nú má hún ekki lengur flakka á milli deilda svo það er enginn grautur í húsi og nú fáum við kornflex, Cheerios, kotta og rúsínur. Börnin voru smástund að aðlagast þessu nýja fæði en hafa nú náð fullri færni. Það borðar örugglega enginn graut eftir covid. Við gerum margt skemmtilegt yfir daginn, syngjum, dönsuðum, föndrum, púslum, fáum nudd, hlæjum, grátum, hvílumst, borðum, hoppum, klifrum og leikum okkur saman. Í lok dags fara allir fram í forstofu og fara í útifötin og eru tilbúnir fyrir innan dyrnar og bíða foreldra sinna. Það eru alltaf fagnaðarfundir þegar foreldrar og börn mætast úti á stétt því þar er þeim skilað og foreldrar fá ekki að koma inn fyrir dyr nú á tímum covid. Bráðum kemur betri tíð með blóm í haga sæta langa sumardaga. **Hér má sjá myndband af því þegar sprittunin fer fram.** Myndband: Ásdís Hanna Bergvinsdóttir



YFIRKÁLFÁHIRÐIRINN ANNA SÓLVEIG

Í þessu ástandi hefur margt breyst í samfélaginu og má þar nefna að neysla á okkar framleiðsluvörum meðal Íslendinga hefur tekið breytingum.

Aukning hefur orðið á sölu nýmjólkur og skyrar en aftur á móti hefur dregið úr sölu á rjóma og smjöri, en það eru vörur sem veitingahús hafa keypt meira af. Það er gleðilegt hversu jákvæð umræða er í samfélaginu um alla innlenda framleiðslu og vekur það okkur bjartsýni til framtíðar í landbúnaði.

Við þökkum fyrir þessa sólríku og fallegu daga sem hafa verið undanfarið. Eru þeir svo sannarlega kærkomnir eftir erfiðan og langan vetur og við hlökkum mikið til að fara í vorverkin.

Skiptum okkur á vaktir

GUÐMUNDUR BJARNASON OG ANNA SÓLVEIG JÓNSDÓTTIR
Á SVALBARDI

Covid-19 hefur haft sín áhrif á líf okkar og störf eins og allra. Sem kúabændur þurfum við að passa vel uppá smitvarnir í fjósi, hjá okkur sjálfum sem og fjölskyldunni allri.

Í kjölfar samkomubannsins tókum við í kringum búskapinn þá ákvörðun að skipta okkur á vaktir. Bjarni Þór sonur okkar og Eiður starfsmaður sjá um morgunfjós á meðan við hjónin tókum kvöldfjós. Þau verk sem unnin eru þess utan eru afmörkuð af þessu skipulagi, en verður væntanlega breytt þegar samkomubanninu lýkur. Einnota hanskar og sóttþreinsiefni hafa alltaf verið notuð í fjósinu en nú er mun meira notað af þessum vörum. Til að lágmarka smithættu frá mjólkurbílstjórum, frjótæknum og dýralæknum var sett sérstök ruslafata fyrir utan fjósið fyrir einnota hanska.

Einnig höfum við hætt nánast alveg samgangi við þá sem ekki búa á heimilinu. T.a.m. höfum við ekki hitt börnin, tengdabörnin og barnabörnin sem búa utan heimilisins nema í góðri fjarlægð í dyragættinni eða á Skype. Það er skrítið og erfitt að geta ekki knúsað sitt fólk en þetta tekur enda og þá verður aftur hægt að njóta samvasta með fólkinu sínu og spilla barnabörnunum.

Aðföng fyrir búíð og heimilið eru versluð á netinu eins mikið og hægt er. Það venst t.d. vel að versla matvörur og annað sem þarf fyrir heimilið á netto.is og sækja svo pokana og sleppa við röltið um búðina.



HÁLFSYSTURNAR MILLJÓN OG VIGDÍS



CELEBRITY REFLECTION 3000 FARÞEGAR.

Okkar þjónusta hefur að mestu leyti verið við erlenda gesti, aðal markhópurinn yfir sumarið hefur verið farþegar á skemmtiferðaskipum, sem ýmist hafa bókað í gegnum okkar heimasíðu eða í gegnum aðrar ferðaskrifstofur bæði erlendar og íslenskar.

Vetrarþjónustan hefur að mestu verið bókanir gegnum okkar heimasíðu eða íslenskar ferðaskrifstofur.

Hægt vaxandi þróun varð í þessum rekstri en bestu árin voru 2017 og 2018 þar sem við vorum að fara upp undir 100 dagsferðir með farþega út frá Akureyri, mest þó í Goðafoss, Mývatn og Dettifoss, en 2019 varð samdráttur kringum 17%, þar sem mest munaði um kanadíska ferðaskrifstofu sem hætti að bjóða upp á ferðir til Íslands.

Tekið skal fram að við hjónin höfum nær eingöngu annast sjálf allan akstur og leiðsögn, en við höfum verið með 3 bíla í okkar rekstri, tvo Landcruiser 100 bíla og einn Benz Sprinter. Í örfáum tilvikum á stærstu skipadögum höfum við þurft að fá auka bílstjóra sem þá eru einnig leiðsögumenn og einnig leigt bíla frá Sérleyfisbílum Akureyrar, (SBA).

Algjör viðsnúningur hefur orðið það sem af er þessu ári, (2020) engar pantanir hafa borist frá því í janúar og þeir tölvupóstar sem berast eru til að afbóka eða fresta því sem áður var búið að bóka eða senda fyrirspurnir um ferðir fyrir sumarið.

Þrátt fyrir fyrirsjáanlegt 100% tekjufall næstu mánuðina, þá erum við líklega mun betur í stakk búin til að taka við svona áföllum, heldur en flest önnur ferðaðjónustu fyrirtæki, þar sem við erum ekki með fólk í vinnu og munum því ekki loka okkar þjónustu þrátt fyrir að fyrirsjáanlegt er, að þetta ár er trúlega nær alveg farið. Þegar úr rætist þá erum við tilbúin að hefja starfsemina aftur þegar að því kemur að fólk fer að hugsa sér til hreyfings.

„ Öll él birtir upp um síðir. „

Með kveðju.

Auðun og Ragnheiður

Öll él birtir upp um síðir

**AUÐUN BENEDIKTSSON OG RAGNHEIÐUR
RAGNARSDÓTTIR Á HEIÐI**

Hver erum við og hvaðan komum við!

Við hjónin Ragnheiður Ragnarsdóttir og Auðun Benediktsson fluttum frá Akureyri í byrjun árs 2007 í þá nýbyggt íbúðarhús okkar Heiði Svalbarðsströnd, en það er byggt á landi sem við höfðum keypt af eigendum Meyjarhóls nokkrum árum fyrr.

Við erum bæði héðan úr Eyjafirði, Auðun fæddur á Vatnsenda í Saurbæjarhreppi 25. maí 1942, Ragnheiður fædd á Akureyri 27. apríl 1965.

Rekstur ferðaðjónustu:

Í júní 2007 byrjaði ég (Auðun) að aka eigin leigubíl á Akureyri, sem fljótlega þróaðist út í þjónustu við ferðamenn samhliða leiguakstrinum, með því að við hjónin stofnuðum lítið ferðaðjónustu fyrirtæki sem aðallega var í fyrstu miðað við farþega skemmtiferðaskipa sem komu til Akureyrar. Síðar varð þetta að lítilli ferðaskrifstofu, sem rekin var undir nafninu „Taxi No17.com“, en var síðan breytt þegar ég hætti leiguakstri vegna aldurs 25. maí 2018 í „, no17.is „,



PREZIOSA 3.500 FARÞEGAR.

Í lok covid-19 (1. Sveifla)

DÝRLEIF SKJÓLDAL

Já nú er þessu að ljúka og mikið höfum við lært af þessu. Heilsufar barna og starfsmanna hefur verið óvenju gott þennan tíma í leikskólanum og þar á kannski stærstan þátt að nú koma börn ekki hálfslasin né illa kvefuð í skólann til að smita aðra. Því hefur oft verið haldið fram að leikskólar séu gróðrastúur fyrir veikindi og öll börn séu þar alltaf með hor. En nú ber annað við, krakkarnir okkar eru hraustir og frískir. Aukin útivera á þar þátt í máli því eins og allir vita nú, er lengra á milli baktería og veira þar sem engir veggir takmarka ferð þeirra. Það væri óskandi fyrir börnin að foreldrar tækju nú tillit til annarra og héldu áfram að vera varkárir og ekki senda börnin í skólann þar sem þau geta smitað fleiri þegar þessu lýkur.

Börnin eru líka rólegri og kannski er þessi aukna samvera með foreldrum, eða frí frá stanslausum þeytingi að hafa þessi áhrif á þau. Kannski er það styttri skóladagur sem gerir það að verkum að þau eru úthvildari og þess vegna í betra jafnvægi. Kannski eru það minni hópar og minna áreiti. Ég veit það ekki en ég veit nú eftir á, að þetta hefur gert börnunum gott á marga vegu og vonandi getum við lítið til þessarar reynslu og haldið áfram að hugsa um það sem er okkur kærast og við völdum að eignast, börn okkar og fjölskyldur og forgangsraða í þeirra þágu.

Nýir tímar koma með ný tækifæri, nýtum þau í þágu okkar allra!

Dilla



Allt í einu kippt í framlínusveit

MARGRÉT JENSÍNA ÞORVALDSDÓTTIR

Fullt nafn Margrét Jensína Þorvaldsdóttir
Hvar ertu fædd og uppalin? Ég er fædd og uppalin í þeim fagra firði, Dýrafirði, á bændabylinu Læk. Þar var fjárbúskapur, sjálfsþurftarbúskapur með kýr og stórt æðarvarp. Ég er semsé gegnheil sveitastelpa enda lét ég kennarana mína í Álfborg strax vita að það væri mjög auðvelt að semja við mig um sauðburðarfrí.
Hverjir eru fjölskylduhagir þínir? Ég hef verið gift sama manningum í bráðum 40 ár (ein gamaldags), á eina dóttur og einn fósturson. Barnabörnin eru orðin þrjú. Við hjónin höfum verið í fjarbúð síðastliðin sex ár, hann á Akureyri enda innfæddur, ég í Reykjavík og svo í Garðabæ hjá dóttur og barnabörnum, og því tími til kominn að flytjast aftur til Akureyrar, en þar hafði ég búið í meira en 25 ár, að því ógleyndu að ég hef gengið á Súlor og á því möguleika á að kallast Akureyringur! Hitt er svo annað mál að ég verð alltaf Vestfirðingur í hjarta.

Hver er bakgrunnur þinn, menntun og fyrri störf? Ég er gegnheil sveitastelpa sem hleypti heimdraganum og hóf nám við Menntaskólann á Akureyri. Ég útskrifaðist sem leikskólakennari 1995 og lauk fyrrihlutanámi til mastersprófs í stjórnun menntastofnana frá Háskólanum á Akureyri 2001. Ég útskrifaðist svo með meistarapróf í stjórnun og forystu við Háskólann á Bifröst 2018. Ég hef unnið við margt í gegnum tíðina; almenn sveitastörf, fiskvinnslu á Tálknafirði, skrifstofustörf í Borgarnesi, kjötvinnslu í Reykmiðstöðinni heitinni, saumaskap á Gefjun heitinni, liðveislu við fatlaða, sem leiðbeinandi í leikskóla, kennari, deildarstjóri, aðstoðarskólaláttjóri og skólaláttjóri í leikskóla á Akureyri, í Reykjavík og í Garðabæ. Ég var aðjúnkt við Háskólann á Akureyri í ein 13 ár og stýrði þar m.a. leikskólabraut í sjö ár svo það má segja að ég hafi marga fjöruna sopið á lífsleiðinni.

Hvers vegna valdir þú að starfa með börnum sem kennari? Það er svolítið merkilegt að ég skuli hafa valið þennan starfsvettvang. Sem unglingur þoldi ég ekki börn og vissi ekkert hallærislegra starf en kennarastarfið. Svo þroskaðist ég og heillaðist af þessu starfi þegar ég var leiðbeinandi í foreldrarekna leikskólanum Sunnubóli á Akureyri. Þar naut ég leiðsagnar góðra fagmanna með hana Björgu Sigurvinsdóttur leikskólaláttjóra í fararbroddi. Ég hóf svo fjarnám í fræðunum og heillaðist alltaf meira og meira af viðfangsefninu. Börn eru snillingar og það besta sem ég veit, og mest



gefandi, er að hlúa að og skapa þeim þroska- og menntatækifæri og auðga þannig og stækka reynsluheim þeirra. Efla kærleikann og vináttuna og styðja þau til að verða ábyrgar og hamingjusamar manneskjur.

Hvernig er góður leik/skólaláttjóri að þínu mati? Ja þegar stórt er spurt... Ég lít á leikskólaláttjóra sem bæði þjón og leiðtoga sem vinnur öllum árum að því að efla samstarfsfólkið sitt og hvetja það til dáða. Góður stjóri deilir valdi og ábyrgð og sér um að ekkert skorti í vinnuumhverfinu til að starfsfólkið nái að vaxa í starfi og blómstra í þeim krefjandi verkefnum sem leikskólaláttjóri sannarlega er.

Hvernig leggst í þig að hefja störf við Álfborg/Valsárskóla, hvað er mest spennandi? Ég er afar ánægð yfir að vera komin hingað í sveitina, amk 8 klst á dag – umhverfið hér er dásamlegt og fólkið ekki síðra. Ég er full tilhlökkunar enda mörg tækifæri til að þróa námsumhverfi starfsfólks og barna í samvinnu við foreldra og allt nærsamfélagið.

Hverjir eru helstu kostirnir hér? Náttúran! Dásamleg fjara og fjöll og svo allt þar á milli! Mannlífið og heimilislegt andrúmsloft.

Hvaða möguleika sérðu við skólana, hvað er áhugavert við sameinaðan skóla? Okkar Maríu, skólaláttjóra grunnskólans, bíða ótrúlega skemmtileg og spennandi verkefni ásamt því að kynnast starfinu og andrúmsloftinu í hinni sameinuðu menntastofnun Álfborg/Valsárskóla. Mér fellur afar vel að starfa í teymi og er því mjög spennt fyrir komandi verkefnum með því góða fólki sem hér starfar.

Hvernig er að starfa sem kennari á tímum Covid? Það var einstaklega eftirminnileg upplifun að hefja störf á nýjum vinnustað í

miðjum Covid faraldrinum... Að geta ekki heilsað samstarfsmönnum og foreldrum almennilega, ótrúlega gaman samt að sjá hve mannleg samskipti byggja mikið á nálægðinni, en maður hafði ekki gert sér alveg grein fyrir því. Það er líka merkilegt að vera allt í einu kippt í framlínusveit, því fylgja margar áskoranir, bæði líkamlegar og ekki síst andlegar. Ég dáist mjög að kennurum beggja skólastiga, hve vel þeim hefur tekist að stýra skútunni framhjá þessum skerjum og það að halda fullum dampi í miðjum storminum er ekki sjálfgefið.
Hvað gerir þú í frítíma þínum? Þrjóna, les, horfi á auðmeltar þáttasýrur á Netflix, fer í göngutúr með hundinn og í útilegur með barnabörnunum.

Értu morgnhani eða náttthrafn? Náttthrafn...

Hver er uppáhalds bókin þín? Kristín Lavransdóttir eftir norska nóbelskaldidið Sigríð Undset. Bækurnar, sem ég las ca 10-12 ára, gerast á miðöldum og höfðu mikil áhrif á mig og gerðu mig að þeim rómantíker og rauðsokku/feminista sem ég er. Bækurnar komu út á árunum 1920-1922 og eiga því 100 ára afmæli nú um stundir en hafa staðist tímans tönn afskaplega vel.

Hvaða lag myndir þú syngja í káriókípartýi? Eitthvert ABBA-lag, get ekki gert upp á milli og myndi líklega enda á að syngja þau öll :)



MARGRÉT JENSÍNA MEÐ LEÓ MÁNA



DÆTUR ÖLMU HEILSA SUMRI

Miklu meira en tilbúin

ALMA ÞORÓLFSDÓTTIR

Það hefur líklegast ekki farið fram hjá neinum að Sumardagurinn fyrsti var 23. Apríl. Veðurblíðan lék við Ströndunga, krakkar að leik í flestum gördum og bílar þrífir úti á bílaplani. Þvotturinn hengdur til þerris út á snúru, allavega þar til kúabændur fara að dreifa á túnin.

Í Álfborg var sumrinu fagnað með því að hafa kaffitímamann úti. Einnig nýttum við okkur það að Valsárskóli væri lokaður með því að nýta okkur þennan skemmtilega ærslabél sem var settur upp í haust. Það má með sanni segja að þar skemmta fullorðnir sér jafnvel og börnin. Kanínurnar eru farnar að fá að koma úr búri og fá klapp, krakkarnir eru alltaf jafn hrifnir af þeim.

Já, við erum sko miklu meira en tilbúin í sumarið.

Öflugt starf í flottu sveitarfélagi

MARÍA AÐALSTEINSDÓTTIR

Fullt nafn? María Aðalsteinsdóttir
Hvar ertu fædd og uppalin? Á Hlíðskógum í Bárðardal

Hverjir eru fjölskylduhagir þínir? Ég er gift Leifi Þormóðssyni, hann er stýri-og netagerðarmaður. Við eigum tvo drengi, Aðalsteinn f.1998 og Aðalbjörn f. 2003.

Hver er bakgrunnur þinn, menntun og fyrri störf? Ég lauk kennaranámi frá KHÍ árið 1995 og MA gráðu í menntavísindum árið 2017 frá HA og HÍ. Ég hef kennt í grunnskóla í tæp 25 ár, alltaf sem umsjónarkennari á unglingastigi og um tíma deildarstjóri. Áður vann ég á sumrin við almenn sveitastörf, við afgreiðslu og sem gjaldkeri í banka.

Hvers vegna valdir þú að starfa með börnum/sem kennari? Ég hafði áhuga á því að starfa sem kennari þar sem starfið er fjölbreytt, krefjandi og snýst um samskipti við fólk. Ég hef gaman að fólki á öllum aldri og finnst mikilvægt að geta haft jákvæð áhrif með námi og kennslu.

Hvernig er góður skólastjóri að þínu mati? Hann er velviljaður, skipulagður, réttlátur og hefur góða yfirsýn.

Hvernig leggst í þig að hefja störf við Valsárskóla, hvað er mest spennandi? Ég hlakka til að hefja starf við Valsárskóla og tel dagana þangað til ég hef formlega störf, 2. júní. Það sem er mest spennandi er að leggja sitt af mörkum til að taka þátt í öflugu starfi í flottu sveitarfélagi.

Hverjir eru helstu kostirnir hér? Kostir Svalbarðsstrandarhrepps eru nálægð við stjórnýsluna og vilji allra til að hlúa að skólunum í sveitarfélaginu. Það verður gaman



að kynnast fólkinu og þá sérstaklega nemendum og starfsfólki í skólunum.

Hvaða möguleika sérðu við skólana, hvað er áhugavert við sameinaðan skóla? Það er jákvætt að vinna með leikskólanum, þó að leik- og grunnskóli séu að sumu leyti ólíkar stofnanir. Það er alltaf sameiginlegt markmið að vinna með skólasamfélaginu til að stuðla að menntun og persónulegum þroska allra nemenda. Það gerum við í góðri samvinnu við heimilin og með jákvæðum skólabrag.

Hvernig er að starfa sem kennari á tímum Covid? Ég er stolt af því að vera kennari á þessum undarlega tíma þar sem kennarar eru í framlínu. Við breyttum skipulagi skólastarfsins á einum degi og gengur nám og kennsla vel. Þar sem ég kenni unglingum þá hef ég verið með blandað stað-og fjarnám. Það var ekki mikið átak að breyta námi og kennslu í fjarnám þar

sem við höfum mikið notað rafræn kerfi með nemendum.

Hvað gerir þú í frítíma þínum? Ef ég er ekki að slappa af heima með fjölskyldunni þá finnst mér gaman að ferðast, hjóla, spila golf, ganga á gönguskíðum, fara í útilegur og lesa. Auk þess horfi ég töluvert á þætti og kvikmyndir og get tekið heilu þáttaraðirnar sérstaklega ef það er vont veður og dimmt.

Ertu morgunhafi eða náttþrafn? Ég hef alltaf frekar verið morgunhafi en náttþrafn. Finnst samt gott að sofa út af og til.

Hver er uppáhalds bókin þín? Ég les mikið af glæpasögum og eru bækur um snjallt lögreglufólk, oft í persónulegum vanda, s.s. Harry Hole og Jack Reacher í uppáhaldi. En ég held að ég geti sagt að uppáhalds bókin mín sé barnabók sem heitir „Bróðir minn frá Afríku“ eftir Gun Jacobson.

Hvaða lag myndir þú syngja í karíókípartýi? Það væri ekki gott fyrir neinn að ég mundi syngja mikið ein, en ég mundi velja eitthvað íslenskt og væmið s.s. „Án þín“ með Bubba og Katrínu Halldóru.



MARÍA Á FLUGI

Allir eiga jafnan rétt

Táta ann sér nær aldrei hvíldar en í dag þegar hún fékk fyrstu launin eftir að hún tók við embætti lukkudýrs Tímahylkisins, tók hún sér þó góða pásu til að njóta afraksturs erfiðis síns. Með aukinni ábyrgð hefur hún farið að velta mikið fyrir sér lífinu og tilverunni og hugleiða hversvegna þurfi að vera svo mikið óréttlæti í heiminum. Hún hefur nú einsett sér að leggjast á sveif með systur og bræðrum í verkalýðsbaráttunni eftir að það rann upp fyrir henni að allir ættu jafnan rétt á harðfiski.

Um daginn nagaði Táta ólina sína í sundur, stakk af og á leikskólalóðina þar sem hún fann Baltasar og félagi sem voru auðvitað glaðir að sjá hana. Hún átti að eiga rólega stund milli embættiserinda og njóta sólar en þessari elsku er meinilla við iðjuleysi og var hún fljót að bíta ólina í sundur. Sér til varnar sagðist hún hafa viljað deila ólinni sinni með Baltasar. Réttlætiskennnd Tátu hljóp þarna aðeins með hana út í gönur en hún er að minnsta kosti með hjartað á réttum stað.

TÁTA OG KOLKA BÍÐA EFTIR BESTA BITANUM OG ÞEIM HOLLASTA



TÁTA RÍFUR HARÐFISKSTYKKIÐ Í SUNDUR, SVO HÚN GETI GEFIÐ KOLKU MEÐ SÉR.

Mikil vakning – ný hugsun

BJARNEY BJARNADÓTTIR Í ÞÓRSMÖRK

Þessir dagar sem liðið hafa frá því að kórónaveiran tók völdin hér á landi og reyndar í heiminum öllum, hefur ekki svo mikið breyst í daglegum lifnaði og heimilishaldi hjá mér. Sem betur fer hef ég ekki veikst og ekkert af mínu fólki af þessum sjúkdómi og fyrir það er maður mjög þakklátur. Við höfum farið eftir því sem sóttvarnir landsins hafa lagt til að gert væri, þ.e. umgangast fáa, hafa bil á milli sín og þvo sér vel um hendurnar. Sú félagsstarfsemi sem ég tek þátt í hefur lagst niður eins og t.d. eldri borgarastarf, kvenfélagsstarfsemi og kirkjukórsæfingar, svo auðvitað ferðalög og samkomur.

Mér hefur liðið vel þessa daga og þetta hefur ekkert verið að angra mig að geta ekki tekið þátt í þessu starfi á þessum tíma. Mér finnst gaman að hafa nú loksins gefið mér tíma til að gera ýmislegt sem hefur dregist eða ég trassað í langan tíma. Það er lagað til í gömlum pappírurum, sem komnir voru til ára sinna og tók ég til við

að þrjóna sem aldrei fyrr. Á netinu fann ég á Þrjónakistunni mynstur sem boðið var uppá af leistum, vettlingum og húfum sem eru kölluð þeim skemmtilegu nöfnum Víðir, Þórólfur og Alma eftir sóttvarnarteyminu okkar sem hefur verið með okkur í sjónvarpinu í marga daga. Þetta var vel til fundið. Ég hef ekki horft annað eins á sjónvarp (þrjónað á meðan). Lesið áhugaverðar bækur og þónokkuð bakað, jafnvel lagt á mig að prófa eitthvað nýtt í þeim efnum. Þannig að ég hef haft það nokkuð gott það sem af er þessum veirutíma.

Það helsta sem ég sakna er að fara ekki í sund eins og ég hef gert til margra ára. Svo er það nú eitt að Haukur er farinn að skipta sér af því hvernig ég raða í skápana og sérstaklega ísskápinn. Hann er farinn að hita kaffi og sjóða kartöflur en það er breyting frá því sem áður var, hann hefur ekki haft skoðun á eldhúsvorkunum í þau 50 ár sem við höfum búið saman fyrir en nú. Ég átta mig ekki alveg á því hvort mér finnst það gott eða vont!! En þetta segir kannski eitthvað um það hvernig honum líður á covid tímum. Hvernig sem við svo komum út úr þessum covid-vetri þá er það



mín trú að margt muni taka breytingum og nýjar hugsanir leiða okkur í ýmsar áttir. T.d. ný presturinn okkar sem hefur messað og fært okkur guðsorðið ekki bara í kirkjunni heldur úr fjárhúsi, úti á túni eða standandi í snjóskafli. Mér hefur líkað þetta vel. Allt það sem rótar upp í hefðinni eða vananum kemur af stað framþróun.

Þetta eru ótrúlegir tímar og líklega áhugaverðir. En samt sem áður sá tími sem sýnir okkur hvað það skiptir okkur óendanlega miklu máli og hvers virði það er að sýna samstöðu og samliðan með fólki. Það er eins og þegar allt leikur í lyndi þá eigum við mannfólkið verr með að sýna samstöðu eða samhug. Á þessum stutta tíma sem hefur liðið frá því að þessi heimsveira reið yfir hefur orðið mikil vakning, ný hugsun, sem ég tel að hefði aldrei getað farið á flug nema með þessum hætti. Allir samningar, fundir, ferðalög eru góðra gjalda verð og heill floti af fræðingum að reyna að sporna við mengun og loftslagsbreytingum. En þegar á heildina er litið þá gerist lítið og það tekur of langan tíma að breyta eða snúa við. En svo gerist þetta. Veiran breiðist út um heiminn eins og hendi væri veifað og mannkynið verður að fara að hugsa allt upp á nýtt.

Auðvitað missa einhverjir fótanna við þessar aðstæður og geta ekki eða kunna ekki að leita leiða til lausna. En ég kys að leitast við að horfa jákvætt á ástandið eins og mögulega er hægt.

Viðsjárverður ljósagangur

ANNA HEIÐUR ODDSDÓTTIR

Jón, ert þetta þú?

Já, hver er þetta?

Anna frá Tímahylkinu.

Hjálp mér!

Nú hefur þú reynst traustur heimildamaður um marga hluti....Jón?

Ég er alls ekki þinn heimildamaður. Skilurðu ekki að ég hef engin svör við neinum spurningum?

Er þetta nú ekki uppgerðarhæverska, Jón? Mig langar að spyrja þig út í merkilegt mál, sem ég komst nýlega á snoðir um.

Ég svara engu.

Þannig er að ég hef heyrt því fleygt að kórónuveiran geti hugsanlega borist með ljósbylgjum. Einnig að hún lifi lengur á appelsínugulum flötum en endranær.

Það eru þín orð. Í guðanna bænum farðu ekki að hafa þessa vitleysu eftir mér.

Vitleysu! Það sér hver heilvita maður að vitinn á Svalbarðseyri er líkast til stórvarasamur ef þetta reynist satt og rétt. Skærappelsínugulur og ég tala nú ekki um allar ljósbylgjurnar sem hann varpar frá sér í gríð og erg.

Þvílíkt endemis rugl.

Rugl, segirðu. Við skulum átta okkur á því að ljóshæð vitans er 9 metrar, hvorki meira né minna. Þú hlýtur að sjá hvað þetta þýðir.Jón?

Því ertu að spyrja mig að þessu? Snúðu þér til Almannavarna. Eða faraldsfræðings.

Sá sem er að feta fyrstu skrefin á braut rannsóknarfréttamennskunnar fer aldrei "réttar boðleiðir". Það er vísasta leiðin til að uppskera tóman moðreyk.

Moðreyk. Þar rataðist þér loks satt orð á munn.

Lítill fugl hvíslaði því að mér að þú hafir ef til vill verið vitavörður í Svalbarðseyrarvita hér á árum áður.

Ef ég á að segja mína skoðun, þá finnst mér þessar kenningar þínar allar fjarri lagi og fullkomlega fráleitar. Ennfremur hef ég aldrei, segi og skrifa aldrei, verið vitavörður. Og mun aldrei verða.

Róaðu þig, mér fannst bara að þú gætir útskýrt þetta eitthvað. Svo eru þetta ekki mínar kenningar. Góður rannsóknarfréttamaður er alltaf hlutlægur í sinni afstöðu.

Góður fréttamaður! Það var þá. Ég held þú sért ekki með öllum mjalla.

(Sambandið slitnar. Anna hringir aftur)

....Halló!....Jón?

Nei þetta er Tómas....Jón er fluttur. Pakkaði saman og fór í miklum flýti.

Já, segðu. Hann er ekki lengi að því sem lítið er...en Tómas. Ég skynja það strax að þú ert gott efni í heimildamann, leyfðu mér að bera undir þig eitt atriði. Heyrst hefur að skrytnir hlutir gætu verið að gerast í Vaðlaheiðinni...



HANN LÆTUR KANNSKI LÍTIÐ YFIR SÉR, VITINN Á SVALBARÐSEYRI, EN EF BETUR ER AÐ GÁÐ SÉST HVE STÓRFELLD HÆTTA GÆTI STAFAB AF HONUM. MYND: ALEX FORD

Hræddur um langömmu

FRÍÐRIK ÞÓR ÓMARSSON

Hvað heitir þú, hvað ertu gamall og í hvaða bekk ert þú?

Fríðrik Þór Ómarsson, ég er eiginlega átta og ég er í öðrum bekk en fer bráðum í þriðja.

Viltu segja mér svolítið frá sjálfum þér?

Ég er mikið á snjósleða með pabba á veturna og líka á jeppum uppi í fjöllum þar sem snjórinn er. Á sumrin og vorin fer ég mikið í heitapottinn heima og ég á líka nokkra fjarstýrða bíla, einn sem verður mjög kraftmikill sem við pabbi erum að gera við, hann er appelsínugulur með þrjár spennur til að halda bodyinu.

Mér finnst líka gaman að baka með mömmu og ömmum mínum. Erlu ömmu finnst skemmtilegast að baka marengstertu en Láru ömmu finnst skemmtilegast að búa til muffins með mér. Ég baka bananabrauð með mömmu og pabbaköku með pabba, hún er með rjóma og sultu. Með systur mínum finnst mér gaman að spila Roblox. Ég á líka hund sem heitir Ronja og það er skemmtilegast að fara í reipitög við hana.

Hvað er skemmtilegast að læra og gera í skólanum og líka fyrir utan skólann?

Vera í Ritrínu í íslensku og að fara á ærslabelginn í frímínútum og líka þegar er frjálst inni. Þegar ég er ekki í skólanum er skemmtilegast að leika við vini mína.

Hvað dettur þér í hug þegar þú heyrir orðið heimsfaraldur?

Að fara eitthvert mjög langt, af því að *heims* er eins og að fara um heiminn t.d. labba og *faraldur* að fara eitthvað mjög langt og ferðast í gegnum heiminn.

Svona eins og kórónuveiran er búin ferðast.

Já einmitt hún.



Hvernig er búið að vera í skólanum síðan Covid 19 reglurnar byrjuðu?

Mjög mikið breyst, við megum ekki vera öll saman sem er mjög leiðinlegt, megum ekki vera saman með öðrum krökkum nema séu tveir metrar á milli. Svo erum við uppi í stofu í morgunmat. Við þvöum okkur um hendur þegar tíminn byrjar og þegar tíminn er búinn.

Er margt búið að breytast í lífinu?

Þegar var ekkert covid mátti vera saman og knúsast sem er mjög gott en má ekki núna. Það er gott fyrir sálina að knúsast en vont út af Covid því ef krakki meiðir sig t.d. er maður oftast knúsaður.

Er eitthvað nýtt sem þú lærðir á þessum tíma?

Þvo sér mjög vel út af covid nema menn vilji fá það. Svo er bara að flýja ef maður veit að einhver er með covid, þá á maður bara að fara í burtu svo maður fái það ekki sjálfur.

Er eitthvað sem þú ert búinn að óttast í sambandi við Kórónuveiruna?

Já ég var hræddur um að langamma mín mundi fá Covid því þá væru líkur á að hún mundi kannski deyja. Það eru kannski 1,1 prósent að ég mundi deyja út af Covid en ca. 70,1 prósent að langamma mundi deyja ef hún fengi Covid af því hún er orðin áttatíu og eitthvað ára gömul.

Heldur þú að það sé eitthvað sem mun breytast, frá því sem var, áður en veiran fór af stað um heiminn?

Að fólk spritti sig og þvoi sér meira og fólk muni knúsa minna.

Hvað mundir þú vilja gera í sambandi við kórónuveiruna ef þú gætir gert eitthvað?

Ég mundi spritta hana og geyma hana og segja henni að fara og vera langt í burtu frá fólki og lifandi verum, kannski bara hátt uppi í fjöllum.

Bráðum kemur sumarfrí, hvað langar þig mest að gera í sumar?

Fara með afa í sveitinni upp á fjallið hans, Birkihlíðarfjall og labba þar. Líka fara á torfæru með pabba.

Heldurðu að veiran muni hafa áhrif á hvað þú munt t.d. geta gert í sumar?

Nei ég held ekki,

Hvað langar þig að verða í framtíðinni?

Það sem mig langar mest er að verða torfærubílstjóri og svo keppa í spyrnu og sandspyrnu.

Nóg af rusli

ELÍSABET INGA
ÁSGRÍMSDÓTTIR

Við í 1. og 2. bekk fórum fyrstu ruslatínsluferðina okkar niður í fjöru í dag 29/4 og nóg var af rusli, á myndinni má sjá árangur erfiðisins. Það var mikið af allskonar plasti, bláu eyrnappplast, plasti af byssuskotum, froðuplasti og ýmiskonar járnarusli. Við fórum svo með ruslið í gámana á gámasvæðinu en við sáum líka að þar þarf fólk að vanda sig betur að setja ruslið í rétta gáma.



SVALBARÐSSTRÖND

“Nýttu sem best það sem er á þínu valdi, taktu öðru bara eins og það kemur fyrir.”